

*Eysteinn Tryggvason:*

## **Jarðskjálftar árin 1954 og 1955**

### *JARÐSKJÁLFTAMÆLINGAR.*

Starfræksla jarðskjálftamæla í Reykjavík var óbreytt frá árinu 1953 (Náttúrufræðingurinn 1954 bls. 1). Mældust þar um 500 jarðhræringar árið 1954 en um 365 árið 1955. Mikill meiri hluti þessara hræringa átti upptök á Íslandi, eða í næsta nágrenni þess, en úr meira en 500 km fjarlægð mældust um 150 jarðskjálftar fyrra árið, en um 70 árið 1955. Þessi mikli munur á fjölda fjarlæggra jarðskjálfta stafar einkum af því, að árið 1954 voru jarðskjálftar tíðir á hafsbotni skammt vestur af Jan Mayen og um 550 km. norður af Íslandi. Um 60 jarðskjálftar mældust frá þessum upptökum.

Á Akureyri var settur upp jarðskjálftamælir sumarið 1954 og hófst starfræksla hans 13. júlí. Mældust þar um 90 jarðskjálftar árið 1954, en af þeim komu 57 á tímabilinu 20.—27. ágúst frá upptökum vestur af Jan Mayen, en 550—600 km norður frá Akureyri. Árið 1955 mældust um 70 jarðskjálftar á Akureyri.

Annar mælir var settur upp í Vík í Mýrdal í júnílok 1955. Var sá mælir mjög ónákvæmur fyrstu mánuðina, en eftir viðgerð, sem fram fór seint í september reyndist hann sæmilega. Í Vík mældust 6 jarðskjálftar þrjá síðustu mánuði ársins 1955.


Jarðskjálftamælarnir á Akureyri og í Vík eru þeir sömu og starfræktir voru í Reykjavík allt til ársins 1952. Þeir eru ekki eins nákvæmir og æskilegt hefði verið, en koma þó að miklum notum við ákvörðun jarðskjálftaupptaka á Íslandi.

### *JARÐSKJÁLFTAR, SEM FUNDUST Á ÍSLANDI.*

Árið 1954 fundust venju fremur margir jarðskjálftar á landinu, en allir voru þeir vægir, og ekkert tjón hlaut af völdum þeirra. Mestu jarðskjálftarnir komu 29. og 30. október og 21. nóvember og voru upptök þeirra allra á sömu slóðum í eða nálægt Innsta-dal í Hengli.

Kunnugt er, að jarðskjálftar hafi fundizt einhvers staðar á land-





Upptök nokkurra jarðskjálfta á árunum 1954 og 1955.  
*Determined epicenters of the years 1954 and 1955.*

inu 21 dag ársins 1954, þar af 3 daga á Norðurlandi, en 18 daga á Suðvesturlandi. Suma dagana fundust margir kippir, t. d. um 60 í Hveradölum á Hellsheiði 29. október.

Árið 1955 fundust jarðskjálftar óvenju mikið á landinu, enda þótt enginn einn jarðskjálfti væri mjög mikill. Mesti jarðskjálfti ársins kom 1. apríl og voru upptök hans nálægt Hveragerði í Ölfusi, en þar olli hann nokkru tjóni. Talsvert miklir jarðskjálftar komu einnig 15. janúar milli Grindavíkur og Krísuvíkur, aðfaranótt 18. janúar í Holtum í Rangárvallasýslu, 27. febrúar og næstu daga þar á eftir í Axarfirði, aðfaranótt 13. marz í Laugardal, 14. marz skammt suðaustur frá Reykjavík og 19. maí á hafsbotni skammt austur af Grímsey. Tjón hlaut ekki af jarðskjálftum þessum, nema lítils háttar í Axarfirði 27. febrúar.

Alls er vitað um, að jarðskjálftar hafi fundizt 37 daga ársins 1955, 24 daga á Norðurlandi og 15 daga á Suðvesturlandi.

Hér skulu taldir jarðskjálftar þeir, sem vitað er að fundizt hafi á Íslandi á árunum 1954 og 1955:



1954.

4. janúar kl. 01 13 fannst talsverður jarðskjálftakippur á Húsavík.
27. maí kl. 07 37. Vægur jarðskjálfti í Grindavík. Í Reykjavík mældust um 20 hræringar þennan dag, og voru upptök þeirra í 37–40 km fjarlægð í suðvestri.
4. júní kl. 10 44 fannst vægur jarðskjálfti í Grindavík. Var þetta svonefndur „hverakippur“, styrkleiki IV stig.
6. júní kl. 10 til 11 fundust jarðskjálftakippir í Norðurárdal í Borgarfjarðarsýslu.
5. ágúst kl. 00 36 fannst greinilegur jarðskjálfti í Flóa í Árnessýslu. Upptök hans mældust í 37 km fjarlægð frá Reykjavík.
22. ágúst. Tveir vægir jarðskjálftakippir á Húsavík, kl. 21 05 og 21 30. Styrkleiki þess fyrri III–IV stig, en þess síðara III stig.
1. september fundust tveir jarðskjálftakippir á Siglufirði, sá fyrri III–IV stig kl. 02 45, en sá síðari IV stig kl. 04 49.
14. og 15. september fundust um 10 jarðskjálftakippir í Grindavík og var styrkleiki mestu kippanna IV stig. Á Keflavíkurflugvelli fannst einn mjög vægur kippur. Í Reykjavík mældust um 70 hræringar þessa daga og var fjarlægðin til upptaka þeirra 40–45 km.
29. október hófust talsverðir jarðskjálftar á Suðurlandi og voru þeir snarpastir í Hveradölum á Hellisheiði, en litlu vægari í Hveragerði. Í Hveradölum fundust um 60 kippir þennan dag og voru þeir snörpustu V stig, en 10 kippir fundust í Hveragerði, þeir snörupstu IV–V stig. Mestu kippirnir, sem komu kl. 19 11, 20 25 og 20 27 fundust um mikinn hluta Suðurlandsundirlendisins og við sunnanverðan Faxaflóa, alls á um 7000 km<sup>2</sup> svæði.
30. október fundust enn jarðskjálftar í Hveragerði og Hveradölum, og kl. 14 47 kom kippur, sem var svipaður þeim mestu daginn áður og fannst á sama svæði. Um kvöldið voru tveir menn staddir í Innstadal í Hengli. Fundu þeir snarpan jarðskjálftakipp (V stig) kl. 22 32. Sá kippur fannst einnig í Hveragerði, en þar var styrkleikinn aðeins III stig. Af þessu, og því hvernig kippur þessi mældist í Reykjavík, má draga þá ályktun, að upptök jarðskjálftans hafi verið í eða mjög nálægt Innstadal og vart á meira en 5 km dýpi.
31. október fundust tvær vægar jarðhræringar í Hveragerði.
2. nóvember kl. 18 47 fannst lítils háttar jarðhræring í Hveragerði.
6. og 7. nóvember fundust margar smáhræringar í Hveragerði. Einnig fannst jarðskjálfti í Villingaholti í Flóa þann 7. kl. 15 45.
19. nóvember um kvöldið fundust fjórar smáhræringar í Hveragerði og ein mjög væg í Villingaholti.
20. nóvember kl. 10 fannst vægur jarðskjálfti í Hveragerði og kl. 16 18 fannst væg hræring á Neistastöðum í Flóa.
21. nóvember um kvöldið fundust talsverðir jarðskjálftar á sömu slóðum og 29. október. Mestu kippirnir komu kl. 21 46, 22 24 og 22 25. Fundust þeir m. a. í Hveragerði, Alviðru í Ölfusi, Villingaholti í Flóa og Hveradölum. Voru tveir hinir fyrri talsvert snarpir, IV stig í Hveragerði og V stig í Hveradölum, en sá síðasti vægari. Í Reykjavík fundust tveir síðustu kippirnir, en voru mjög vægir (II–III stig) og í Holtum í Rangárvallasýslu fannst vægur kippur



kl. 22 24. Svo virðist, sem jarðskjálftar þessir hafi fundizt á hér um bil sama svæði og kippirnir 29. október.

22. nóvember kl. 9–10 fannst lítill kippur í Hveragerði.

24. nóvember kl. 06 38 fannst jarðskjálfti í Alviðru í Ölfusi.

29. nóvember kl. 03 58 fannst snarpur kippur í Alviðru.

Allir þeir jarðskjálftar, sem hér eru taldir síðan 29. október, áttu upptök í Henglinum. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík mældu á þessu tímabili um 100 hræringar frá þessum upptökum og mældist fjarlægð þeirra 28–32 km. Allar líkur eru til, að mun fleiri jarðskjálftar hafi fundizt í Hveradölum og Hveragerði, en hér eru taldir.

31. desember kl. 15 06 fannst all-snarpur jarðskjálfti í austanverðum Flóa og í Holtum í Rangárvallasýslu. Upptök þessa jarðskjálfta mældust í um 80 km fjarlægð frá Reykjavík. Sama dag kl. 02 15 mun hafa fundizt jarðskjálfti í Krýsuvík, en fréttir þaðan eru óljósar.

### 1955.

5. janúar kl. 21 23 fannst talsverður jarðskjálfti í efstu byggðum við Hvítá í Borgarfirði. Upptök hans mældust í 95 km fjarlægð frá Reykjavík.

7. janúar kl. 23 12 fannst mjög væg jarðhræring á Selfossi.

15. janúar fundust all-miklir jarðskjálftar á Suðvesturlandi. Mestir voru þeir í Grindavík og Krýsuvík, en þar fundust fjölmargir kippir. Snarpastir voru þeir í Ísólfskála í Grindavík, V–VI stig. Tveir kippirnir, kl. 15 03 og 15 46, voru lang mestir. Fundust þeir allt austur að Þjórsá og norður á Snæfellsnes og um allar byggðir þar á milli, nema um efri hluta Árnassýslu. Jarðskjálftar þessir fundust á um 10000 km<sup>2</sup> á landi, en ef með er talið það hafsvæði, sem gera má ráð fyrir, að þeir hefðu fundizt á, ef á landi hefði verið, þá er það alls um 30000 km<sup>2</sup>.

16. janúar. Í Grímsey fannst dálitill jarðskjálftakippur kl. 06 35. Í Krýsuvík fundust —smáhræringar alla nóttina milli 15. og 16. janúar og fram undir hádegi. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík mældu yfir 100 hræringar á einum sólarhring 15.–16. janúar. Upptök þeirra mældust í um 35 km fjarlægð, í suðvestri, sennilega um 10 km fyrir vestan Krýsuvík.

17. janúar kl. 04 41 fannst væg jarðhræring í Hrísey.

18. janúar kl. 00 00 (= 17. janúar kl. 24 00) fannst talsverður jarðskjálfti á Suðurlandsundirlendi. Snarpastur mun hann hafa verið í Holtum í Rangárvallasýslu, IV–V stig, en landssvæði það, sem hann fannst á var um 8000 km<sup>2</sup>. Upptök jarðskjálftans mældust í 68 km fjarlægð frá Reykjavík, hér um bil í háaustri.


19. janúar kl. 18 33 fannst mjög væg jarðhræring í Reykjavík.

20. janúar kl. 02 21 fannst önnur smáhræring í Reykjavík.

12. febrúar kl. 21 05 fannst mjög væg hræring í Grindavík.

27. febrúar hófust miklir jarðskjálftar í Axarfirði í Norður-Þingeyjarsýslu. Fyrsti kippurinn fannst kl. 00 30, en síðan kom hver kippurinn af öðrum. Á Sandfellshaga í Axarfirði fundust jarðskjálftar alla daga frá 27. febrúar til 20. marz, að undanskildum 12. og 13. marz. Alls fundust þar á þessu tímabili um 200 kippir og voru sumir mjög snarpir. Á Núpi í Axarfirði fundust einnig





Helstu jarðskjálftar árið 1955, styrkleiki þeirra og sennileg takmörk þeirra svæða, sem þeir fundust á.

*Isoseistes of some earthquakes felt during 1955, times indicated are Icelandic standard times.*

jarðskjálftar flesta daga frá 27. febrúar til 20. marz, og það sama mun mega segja um fleiri bæi norðan til í Axarfirði. Síðasti kippurinn, sem fréttir bárust um, fannst á Sandfellshaga 26. marz.



Mestu kippirnir komu 27. febrúar kl. 06 47 og 28. febrúar kl. 03 00. Fundust þeir austur til Vopnafjarðar og vestur til Grímseyjar og Ólafsfjarðar. Litlu vægari voru kippir, sem komu 27. febrúar kl. 06 37 og 07 29 og 1. marz kl. 01 37. Snörpustu kippirnir munu hafa fundizt á 15000 km<sup>2</sup> svæði á landi, en hefðu fundizt á 30000 km<sup>2</sup> ef landið hefði náð nægilega langt til norðurs.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík og á Akureyri mældu nokkra þessarra jarðskjálfta, og samkvæmt þeim mælingum voru upptökin 5–10 km í austur frá nyrztu bæjum í Axarfirði.

Þar sem jarðskjálftarnir voru snarpastir, nyrzt í Axarfirði, var styrkleiki þeirra VI–VII stig, en slíkir jarðskjálftar valda oft smávegis tjóni á byggingum, enda var það svo, að hús skemmdust litlilega á bæjunum Núpi, Þverá, Klifshaga og Sandfellshaga. Sprungur komu í vegg, einkum við glugga, og eitt-hvað fleira mun hafa látið á sjá.

13. marz kl. 01 13 fannst mjög snarpur jarðskjálftakippur á Laugarvatni. Styrkleiki hans var VI stig, en engra skemmda varð vart af hans völdum. Kl. 01 54 kom annar kippur litlu minni. Jarðskjálftar þessir fundust um allt Suðurlandsundirlendið og allt til Reykjavíkur, eða á rúmlega 10000 km<sup>2</sup> svæði. Upptök þeirra voru rétt við Laugarvatn, enda var jarðskjálftinn snarpastur þar.

14. marz kl. 23 48 fannst greinilegur jarðskjálfti í Reykjavík, styrkleiki IV stig. Jarðskjálfti þessi fannst einnig í Krýsuvík og fyrir botni Faxaflóa allt norður að Snæfellsnesfjallgarði og um Ölfus og Flóa í Árnessýslu. Samkvæmt jarðskjálftamælunum í Reykjavík voru upptökin í 25 km fjarlægð í suð-suðaustri

1. apríl komu miklir jarðskjálftar á Suðvesturlandi. Mestir voru þeir í Ölfusi, einkum í Hveragerði og næsta nágrenni.

Um morguninn kl. 06 37 kom fyrsti kippurinn. Styrkleiki hans í Hveragerði var V stig. Fannst hann um Ölfus og Flóa og víðar um sunnanverða Árnessýslu. Einnig fannst hann í Reykjalandi í Mosfellssveit. Alls mun hann hafa fundizt á um 3000 km<sup>2</sup> svæði.

Kl. 16 26 kom annar kippur miklum mun meiri en sá fyrsti. Styrkleiki hans í Hveragerði var VI stig, og víða í Ölfusi og vestanverðum Flóa var styrkleikinn V–VI stig. Þessi kippur fannst um allt Suðurlandsundirlendið, allt austur að Ásólfskála undir Eyjafjöllum. Einnig fannst hann í Reykjavík og víðar við sunnanverðan Faxaflóa. Mun hann hafa fundizt á a. m. k. 10000 km<sup>2</sup> lands, en sennilega á enn sterra svæði.

Mesti kippurinn kom kl. 17 41. Í Hveragerði og Hjalla í Ölfusi var styrkleikinn VII stig, en sennilega VIII stig í Gufudal og Núpum. Neðan til í Ölfusi og sums staðar í Flóa (t. d. á Selfossi) var styrkleikinn VI stig, en víðast annars staðar á Suðurlandsundirlendinu IV–V stig. Fyrir botni Faxaflóa var styrkleikinn III til V stig, mestur í Mosfellssveit. Jarðskjálftinn fannst austast, svo vitað sé, í Vík í Mýrdal, styrkleiki III stig, en nyrzt í Helgafellssveit á Snæfellsnesi, en líklegt er að hann hafi fundizt enn lengra frá upptökunum. Í Grindavík og Keflavík fannst jarðskjálftinn ekki, eða þá að hann var svo vægur, að mjög fáir veittu honum athygli.

Sennilega hefur jarðskjálftinn fundizt á 30000 km<sup>2</sup> á landi, en hefði að lík-



indum fundizt á helmingi stærra svæði, ef landið hefði náð lengra til suðurs og vesturs.

Í Hveragerði varð lítills háttar tjón af völdum þessa jarðskjálfta, rúður brotnuðu í gróðurhúsum, leirtau féll niður og brotnaði o. s. frv., en engar skemmdir urðu á íbúðarhúsum. Á Núpum í Ölfusi skemmdist íbúðarhús nokkuð, og nokkrar skemmdir urðu í Gufudal.

Þetta mun vera mesti jarðskjálfti, sem fundizt hefur á Íslandi síðan haustið 1935, en þá fannst á sömu slóðum jarðskjálfti, sem var mun meiri.

2. *apríl* fundust enn talsverðir jarðskjálftar í Hveragerði og nágrenni. Smáhræringar fundust þar einnig næstu daga, og síðasti kippurinn, sem fréttir bárust um fannst 5. *apríl* kl. 13 54.

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík mældu yfir 60 hræringar á tímabilinu 1. til 7. *apríl* og mældust upptökin vera í 34–38 km fjarlægð, í stefnu lítið eitt fyrir sunnan háaustur, eða mjög nálægt Hveragerði.

28. *apríl* kl. 08 40 fannst vægur jarðskjálfti í Reykjavík, Hafnarfirði og Grindavík. Upptök hans voru í um 30 km fjarlægð frá Reykjavík.

19. *maí* kl. 02 11 fannst allmikill jarðskjálfti á Norðurlandi. Snarpastur mun hann hafa verið í Grímsey um V stig og í héruðunum við Sjálfanda, IV–V stig, en hann fannst um allt Norðurland, austan frá Vopnafirði og vestur til Blönduóss. Styrkleiki hans var IV stig um mestan hluta Þingeyjarsýslu og sums staðar í Eyjafjarðarsýslu, III stig í Vopnafirði og í austanverðri Skagafjarðarsýslu, norðan til, en II stig á Blönduósi.

Alls mun jarðskjálfti þessi hafa fundizt á 20000 km<sup>2</sup> lands, en hann hefði sennilega fundizt á 60000 km<sup>2</sup>, ef landið hefði náð nægilega langt til norðurs.

Kl. 08 20 fannst vægur kippur í Grímsey og á Þorvaldsstöðum í Skeggjastaðahreppi.

Upptök þessarar jarðskjálfta verða ekki ákvörðuð með mikilli nákvæmni, en þau munu hafa verið nálægt 30 km austan Grímseyjar.

30. *júlí* kl. 19 42 fannst vægur jarðskjálfti á Svelgsá í Helgafellssveit.

3. *nóvember* kl. 08 36 fannst mjög vægur jarðskjálfti í Reykjavík.

## T A F L A

## YFIR HELZTU JARÐSKJÁLFTA Á ÍSLANDI ÁRIN 1954 OG 1955.

Table showing the largest earthquakes in Iceland during 1954 and 1955. Shocks of magnitude less than 4 are not included except if of special interest.

Dagur	Upphafstími	Upptök	Stærð	Mesti styrkleiki
Date	Origin time (G M T)	Epicenter	Magnitude	Maximum intensity
1954				
19. janúar .....	03 24 33	(64,4° N, 17,4° W)	4,0	—
27. maí .....	08 37 05	63,8° N, 22,4° W	3,7	III
27. maí .....	14 27 26	69° N, 16° W	4–4½	—
16. júlí .....	14 15 27	64,9° N, 17,3° W	3,8	—
1. september ....	05 48 47	66,2° N, 19,2° W	3,5	IV



Dagur	Upphafstími	Upptök	Stærð	Mesti styrkleiki
<i>Date</i>	<i>Origin time (G M T)</i>	<i>Epicenter</i>	<i>Magnitude</i>	<i>Maximum intensity</i>
15. september . . . .	12 11 55	63,8° N, 22,5° W	4,1	IV
15. september . . . .	13 36 26	63,8° N, 22,5° W	4,2	IV
29. október . . . . .	20 11 09	64,1° N, 21,3° W	4,3	IV
29. október . . . . .	21 24 44	64,1° N, 21,3° W	4,5	V
29. október . . . . .	21 26 57	64,1° N, 21,3° W	4,2	IV
30. október . . . . .	15 46 59	64,1° N, 21,3° W	4,5	V
21. nóvember . . . .	23 23 38	64,1° N, 21,3° W	4,5	V
17. desember . . . .	02 07 17	64,4° N, 17,6° W	4,2	—
22. desember . . . .	12 35 50	64,7° N, 20,2° W	4,1	—
22. desember . . . .	12 52 58	64,7° N, 20,2° W	4,1	—
31. desember . . . .	03 15 07	63,9° N, 22,1° W	3,8	III
<i>1955</i>				
5. janúar . . . . .	22 23 38	64,7° N, 21,0° W	3,6	IV
15. janúar . . . . .	16 03 34	64,0° N, 22,3° W	4,8	V
15. janúar . . . . .	16 43 00	64,0° N, 22,3° W	5,0	VI
18. janúar . . . . .	00 59 55	64,0° N, 20,6° W	3,5	V
27. febrúar . . . . .	07 47 00	66,2° N, 16,3° W	4,3	VII
27. febrúar . . . . .	08 28 31	66,2° N, 16,3° W	4,1	VI
28. febrúar . . . . .	03 59 06	66,2° N, 16,3° W	4,3	VI
1. marz . . . . .	02 37 02	66,2° N, 16,3° W	3,9	VI
13. marz . . . . .	02 13 09	64,2° N, 20,7° W	4,3	VI
15. marz . . . . .	00 48 03	63,9° N, 21,7° W	3,7	IV
1. apríl . . . . .	17 25 59	64,1° N, 21,2° W	4,3	VI
1. apríl . . . . .	18 41 27	64,1° N, 21,2° W	5,5	VIII
17. maí . . . . .	18 12 54	64,3° N, 17,5° W	4,4	—
17. maí . . . . .	18 15 07	64,3° N, 17,5° W	4,3	—
19. maí . . . . .	03 11 17	66,5° N, 17,5° W	5,0	VI
7. júní . . . . .	07 37 04	64,4° N, 17,4° W	4,2	—
25. júní . . . . .	19 00 35	63,6° N, 19,0° W	3,6	—
14. júlí . . . . .	01 50 39	68° N, 19° W	(4,0)	—
10. ágúst . . . . .	20 53 42	64,4° N, 17,2° W	3,9	—
8. október . . . . .	05 16 50	64,4° N, 17,7° W	3,9	—
17. nóvember . . . .	16 27 45	63,9° N, 18,8° W	3,2	—



*ATHYGLISVERÐIR JARÐSKJÁLFTAR ERLENDIS.*

29. marz 1954. Mikill jarðskjálfti á Suður-Spáni, sem fannst um Spán, Portúgal og á stóru svæði í Afríku, en var hvergi mjög snarpur. Upptök jarðskjálftans voru undir suðurströnd Spánar á um 630 km dýpi. Er þetta í fyrsta skipti í sögu jarðskjálftamælinga, sem ákvörðuð hafa verið jarðskjálftaupptök á meira en 300 km dýpi utan jarðskjálftabeltis þess, sem liggur umhverfis Kyrrahafið.

30. apríl 1954. Mjög mikill jarðskjálfti í Þessalíu á Grikklandi. Talið er að 6599 hús hafi hrunið til grunna, en að 22074 hús hafi skemmst meira eða minna, en 25000 manns urðu húsnæðislausir. Jarðskjálfti þessi varð 25 mönnum að bana, og 157 særðust af völdum hans.

9. september 1954. Mjög mikill jarðskjálfti í Alsír. Bærinn Orleansville hrundi til grunna og fórust þar um 1400 manns, en 3000 særðust. Jarðskjálfti þessi fannst á 150000 km<sup>2</sup>, og var X stig að styrkleika á 5000 km<sup>2</sup> svæði, enda er þetta einn mesti jarðskjálfti, sem sögur fara af í Norður-Afríku.

27. febrúar 1955. Mjög mikill jarðskjálfti við Kermadekeyjar í Suður-Kyrrahafi. Þessi jarðskjálfti var sá orkumesti, sem kom á árunum 1954–1955 og var stærð hans um 8.

31. marz 1955. Mjög mikill jarðskjálfti við austurströnd Mindanao á Filippseyjum. Olli hann stórfelldu tjóni og varð 432 mönnum að bana.

19. apríl 1955. Jarðskjálfti á hafsbotni við vesturströnd Suður-Ameríku. Flóðbylgja myndaðist af völdum hans og gekk hún á land á Chile-strönd og gerði mikinn usla.

12. september 1955. Mikill jarðskjálfti á botni Miðjarðarhafsins skammt undan norðurströnd Egyptalands. Olli hann miklu tjóni í norðurhluta Egyptalands og fórust þar 20 menn af völdum hans.



## SUMMARY

**Earthquakes in Iceland during 1954 and 1955**by *Eysteinn Tryggvason*.

The seismograph station at Reykjavik was operated with three short period Sprengnether seismographs during these years. New stations were erected at Akureyri (65°40.3' N, 18°06.0' W) and at Vík (63°25.3' N, 19°01.0' W). At both these stations, one Mainka seismograph is operated, static magnification about 70.

The seismic activity in Iceland was rather high during these years, especially during the period September 1954 to May 1955. At Reykjavík about 500 tremors were recorded during 1954 and about 365 during 1955. Of these, about 350 in 1954 and 300 in 1955 were of local origin, epicentral distance less than 500 km. At Akureyri about 90 earthquakes were recorded during 1954 and about 70 during 1955.

Earthquakes were felt on at least 21 days during 1954, three days in North-Iceland and 18 days in Southwest-Iceland. During 1955 earthquakes were felt on at least 37 days, 24 days in North-Iceland and 15 days in Southwest-Iceland.

The most pronounced earthquakes occurred as follows:

*1954.*

*September 15th.* About 10 shocks were felt at Grindavík.

*October 29th.* Numerous shocks felt at Hveragerði and Hveradalir. The largest shocks were felt over area of about 7000 km<sup>2</sup>.

*October 30th.* One shock felt over the same area as on October 29th.

*November 21st.* Several earthquakes felt at Hveragerði and Hveradalir. Largest shocks felt over the same area as on October 29th.

*1955.*

*January 15th.* Considerable earthquakes at Grindavík. Macroseismic area of the largest shocks about 30000 km<sup>2</sup>.

*January 18th.* Earthquakes felt over 8000 km<sup>2</sup> area in South-Iceland.

*February 27th.* Strong earthquakes in Axarfjörður, North-Iceland, where tremors were felt on almost all days until March 20th. Macroseismic area of the largest shocks about 30000 km<sup>2</sup>. In the epicentral area about 200 shocks were felt during this swarm, the maximum intensity being VII on modified Mercalli scale. Minor damage was done in the epicentral region.

*March 13th.* Strong earthquake in South-Iceland, felt over 10000 km<sup>2</sup>.

*April 1st.* Strong earthquakes at Hveragerði, where minor damage was done. The intensity of the largest shock was VII–VIII in the epicentral region, and macroseismic area about 60000 km<sup>2</sup>. This was the largest shock occurring in Iceland during the years covered by this report, instrumental magnitude about 5½.

*May 19th.* Earthquake felt over large area in North-Iceland, maximum intensity about V and macroseismic area about 60000 km<sup>2</sup>. The epicenter was situated off the north coast, east of Grímsey.